

Ytra mat grunnskóla Dalvíkurskóli

Ytra mat þetta er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Dalvíkurbyggð.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Oddný Eyjólfsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-47-3

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Dalvíkurskóli.	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Starfsmenn	9
Nemendur	10
Árangur néams	10
Samræmd könnunarpróf	10
Starfstími.	12
Sérfræðiþjónusta	12
Niðurstöður	13
Svið I - Stjórnun	13
Fagleg forysta	13
Stefnumótun og skipulag	15
Samskipti heimila og skóla	17
Svið II - Nám og kennsla	19
Nám og námsaðstæður.	19
Þátttaka og ábyrgð nemenda.	22
Námsaðlögun	23
Svið III – Innra mat	25
Framkvæmd innra mats.	25
Umbótastarf í kjölfar innra mats	27
Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir - Fjölmennung	28
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	30
Heimildir.	40

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Dalvíkurskóla sem fór fram á haustönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir, en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn Nám nemenda með sérþarfir – fjölmenning.

Stjórnun

Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í Dalvíkurbyggð að stefnumótun og ákvarðanatöku. Menntastefna skólans er birt í skólanámskrá og er hún aðgengileg öllum hagsmunaaðilum á heimasíðu skólans. Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu. Haldin eru innanhúsbíng tvisvar á skólaárinu þar sem kennrar segja frá áhugaverðum verkefnum en stjórnendur veita kennurum ekki formleg endurgjöf í kjölfar markvissra heimsókna í kennslustundir. Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt og aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginmarkmið. Samskipti eru jákvæð og einkennast af gagnkvæmu trausti. Starfsmönnum er falin ábyrgð á því að leiða vinnu í samstarfsteymum og/eða hópum. Skólareglur voru mótaðar í tengslum við innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar og einnig hafa starfsmenn gert með sér starfsmannasáttmála.

Fyrir liggur gott skipulag vegna nemenda sem eru með sérþarfir í námi. Stoðteymi og sérfræðiþjónusta samræma og skipuleggja þjónustu og stuðning við nemendur og funda reglulega með nemenda-verndarráði og er það starf til fyrirmynadar.

Vinna þarf þróunar- og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2014-2015 og heildstæða starfsáætlun samkvæmt 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla. Efla þarf heimasíðu skólans svo hún innihaldi nauðsynlegar upplýsingar um skólastarfið.

Nám og kennsla

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar þar sem leitast er við að koma til móts við hæfileika og getu hvers og eins. Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu. Fagmennska og sérfræðibekking endurspeglast í störfum kennara og skipulagi. Skólanámskrá er skýrt fram sett og endurspeglar einnig stefnu sveitarfélagsins í námi nemenda. Mörg sambætt verkefni eru til staðar, fjölbreyttar námsaðferðir og unnið er að áhugaverðu þróunarverkefni með I-Pad í kennslu. Nemendur hafa á ýmsan hátt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, m.a. í námsnefnd, sem er til fyrirmynadar. Stuðningur við nám er tengdur markmiðum náms og einstaklingsnámskrá sem foreldrar eru þáttakendur í að gera. Snemmtæk íhlutun er til staðar, markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og árangur stuðnings er metinn reglulega.

Hvetja þarf nemendur og foreldra til að nýta sér námsvísa/bekkjarnámskrár og kynna strax á námskynningum að hausti. Auka þarf vægi valgreina á ungleingastigi, sbr. viðmið í aðalnámskrá. Huga þarf að því að nemendur á öllum aldri hafi meira val um viðfangsefni og námsaðferðir og efla vitund nemenda um markmið námsins.

Innra mat

Í skólanámskrá er fjallað um leiðir sem skólinn fer til að meta innra starf. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, bæði til að koma til móts við nemendur og sem hluta af innra mati. Stjórnendur hafa forgöngu og yfirumsjón með innra mati. Í skólanum er starfandi gæðaráð sem meðal annars hefur það hlutverk að hvetja til fjölbreytni í kennsluaðferðum og fagmennsku í skólastarfinu.

Huga þarf að leiðum til að meta með skipulegum og formlegum hætti kennslu og fagmennsku allra kennara sem og nýjungar í kennsluháttum. Móta ætti verklag þannig að allir hagsmunaaðilar komi að ákvörðunum varðandi þætti í innra mati. Setja ætti viðmið um árangur í áætlun um innra mat og vinna umbótaáætlun sem fylgt er markvisst eftir. Kynna þarf hagsmunaaðilum allar niðurstöður úr innra mati og birta opinberlega.

Nám nemenda með sérþarfir – fjölmenning

Fjölmennigarstefna Dalvíkurskóla er byggð á stefnu sveitarfélagsins í þessum málflokki. Þar er hugað bæði að námslegum og félagslegum þörfum þeirri einstaklinga sem koma erlendis frá, hugað að upplýsingaflæði og góðu foreldrasamstarfi, auk stuðnings við móðurmál viðkomandi.

Almennt er hlúð að fjölbreyttri menningu innan skólans, m.a. kemur það fram í sérstökum þemadögum sem haldnir eru þar sem áhersla er á öll þau lönd sem nemendur skólans eiga sinn uppruna í. Vikuleg fréttabréf eru einnig gefin út á þremur tungumálum. Sérstök móttökuáætlun er til fyrir þá nemendur sem eru af erlendu berghi brotnir.

Leita þarf allra leiða til að aðstoða nemendur af erlendum uppruna við að viðhalda sínu tungumáli. Æskilegt er að birta móttökuáætlun á heimasíðu skólans og á fleiri en einu tungumáli. Huga þarf að því að skipuleggja enn frekar aðgerðir til að skapa félagsleg tengsl milli íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna sem allir geta lært af.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Dalvíkurskóla. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Oddnýju Eyjólfssdóttur og fór fram á vettvangi dagana 23.-25. september 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Dalvíkurskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og nám nemenda með sérþarfir – fjölmennung. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er nám nemenda með sérþarfir - fjölmennung. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar, auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4., þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýniviðtol. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneyti létt gera árin 2001 og 2007 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niður stöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Fundur var haldinn 23. september 2014 með sveitarstjóra Dalvíkurbyggðar, sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og skólastjóra. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifær til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólan. Rýnihópaviðtöl hófust einnig þann sama dag. Næstu two daga tóku við vettvangsathuganir hjá u.p.b. 70% kennara og þá gafst einnig tækifær til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 2.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þáttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra og staðgengil skólastjóra. Vegna fjórða matsþáttarins, *nám nemenda með sérþarfir - fjölmennung*, var sérstökum spurningum beint til allra rýnihópanna.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjá daga með kynningarfundum, þ.e. 23.-25. september 2014. Heimsóttar voru 20 kennslustundir hjá 22 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum og dansi, auk útikennslu. Kennrarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmynadar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 85% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, þ.e. viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Dalvíkurskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Á árunum kringum 1920 var þéttbýlið á Dalvík mjög vaxandi og þörf fyrir framtíðar skólahúsnaði brýnni með hverju ári. Fyrsti skólinn sem sérstaklega var byggður til síns brúks í byggðarlaginu er Dalvíkurskóli (gamli skóli) sem var reistur á árunum 1933-34. Fyrsti hluti nýja skólans á Dalvík var tekinn í notkun 1982 en seinni áfangarnir 1990 og 1999.

Árið 2005 var skólahald á Húsabakka fært til Dalvíkur og Árskógskóli og Dalvíkurskóli sameinaðir í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar en skólahald áfram rekið á tveimur starfsstöðvum. Árið 2012 var nýr skóli stofnaður í Árskógi og er hann starfræktur sem bæði leik- og grunnskóli upp í 7. bekk en eftir það fara nemendur í skóla á Dalvík.

Dalvíkurskóli er bæði heimangöngu- og heimanakstursskóli því tæplega 50 nemendur koma með skólabílum úr sveitunum í kring; Svarfaðardal, Skíðadal og Árskógsströnd.

Síðustu ár hafa samfélagsbreytingar og aukinn menningar- og trúarlegur fjölbreytileiki haft áhrif á skólastarf á Íslandi. Þar er Dalvíkurskóli ekki undanskilinn því nú er hlutfall nemenda af erlendum uppruna í kringum 14%. Hlúð er að fjölbreyttri menningu innan skólans með ýmsum ráðum og lögð áhersla á að nemendur af erlendum uppruna kynnist og tileinki sér íslenska menningu og taki þátt í íslensku samfélagi og um leið að nemendur af íslenskum uppruna læri af því að kynnst nemendum af ólíku þjóðerni með aðra siði og venjur. Þannig verði fjölmennингin til að auka víðsýni og styrkja samfélagið.

Samskipti við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar eru með þeim hætti að nemendur geta farið í einkatíma í tónlistarskólanum á skólatíma grunnskóla, einu sinni í viku, auk þess sem tónlistarskólinn sér um tónmenntakennslu Dalvíkurskóla. Einnig hafa skólanir verið í samstarfi um forskólakennslu og ýmsar uppákomur sem tengast tónlistarflutningi og listskópun svo sem á árshátið Dalvíkurskóla og í tengslum við Stóra upplestrarkeppnina.

Samvinna er við Leikfélag Dalvíkur varðandi leiklistarnámskeið sem er hluti af valgreinum fyrir elstu árganga skólans.

Frístund er skólavistun sem stendur öllum nemendum í 1.-4. bekk til boða að loknum skóladegi. Frístund er sjálfstæð rekstrareining undir Dalvíkurskóla og fer starfsemin fram í húsinu Víkurröst.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir eru fastir liðir í skólastarfinu, auk þess sem allmög fyrirtæki eru í samstarfi um starfsnám fyrir elstu nemendurna. Samstarf við eldri borgara hefur aukist á síðustu árum. Þar má nefna heimsóknir nemenda á Dvalarheimilið Dalbæ þar sem nemendur syngja og leika fyrir vistmenn. Einnig er eldri borgurum boðið á árshátið skólans.

Stefna skólans

Einkunnarorð Dalvíkurskóla eru *þekking og færni – virðing og vellíðan*. Í skólanámskrá segir m.a. í tengslum við einkunnarorðin: *Starf grunnskólangs grundvallast á jafnrétti allra nemenda og því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skulu sköpuð námskilyrði svo hann megi á eigin forsendum þroskast, dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur; jákvæður, fær og fróður*.

Hjá fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar eru einkunnaorðin virðing – jákvæðni – metnaður. Í starfsáætlun Dalvíkurbyggðar er lögð áhersla á nauðsyn þess að hafa metnað fyrir sjálfum sér og öðrum, virðingu fyrir mismunandi skoðunum og umhverfi og að hafa jákvæðni að leiðarljósi. Má því segja að stefna bæjarins og skólans séu samræmdar.

Við Dalvíkurskóla er starfandi svokallað gæðaráð. Í því sitja þrír kennrarar, deildarstjóri 1.-6. bekkjar, verkefnastjóri sér- og nýbúakennslu, starfsmaður frá fræðslu- og menningarsviði og skólastjóri. Eitt af hlutverkum ráðsins er að fylgjast með að unnið sé eftir verkferlum, stefnum og áætlunum sem skólinn setur sér.

Samskipta- og umgengnisreglur skólans eru grundvallaðar á hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar sem kennd er við Diane Gossen og verkefni Olweusar gegn einelti. Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Helstu markmið aðgerðaáætlunar Olweusar eru að draga úr tæki-færum til eineltis og byggja upp afstöðu nemenda, kennara og foreldra gegn einelti.

Í Dalvíkurskóla er unnið eftir lestraraðferðinni *Byrjendalæsi i 1.-3. bekk og Orð af orði* í 4.-10. bekk. Þá vinnur skólinn eftir Læsisstefnu sem starfshópur innan skólans vann að og lauk við á skólaárinu 2012-2013.

Á undanförnum árum hefur Dalvíkurskóli tekið þátt í mörgum þróunarverkefnum sem ýmist snúa að kennsluháttum eða uppeldislegum þáttum í skólastarfi. Áherslur skólans hafa m.a. snuið að því að bæta íslensku- og stærðfræðikennslu, námsrárangur nemenda og efla fjölbreyttar kennsluaðferðir, umhverfismennt og útikennslu.

Kennrarar skólans vinna í hópum að framfaramálum í skólanum. Má þar nefna stýrihóp um innleiðingu teymiskennslu, stýrihóp um þróunarverkefnið *Byrgjum brunninn – árangursríkt nám í upphafi grunnskóla*, stýrihóp um uppbyggingarstefnuna, stýrihóp um innleiðingu grunnþáttta aðalnámskrár, sjálfsmatsteymi og nefnd um endurskoðun heimanámsstefnu. Auk þess er umhverfisnefnd sem hefur það verkefni að viðhalda Grænfánanum en Dalvíkurskóli tekur þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein* og tók við Grænfánanum í annað skipti vorið 2014.

Starfsmenn

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru samtals 53. Stjórnendur eru 3 og við skólann starfa 26 kennrarar, í jafnmögum stöðugildum, þar af eru leiðbeinendur í tæpum tveimur stöðugildum. Annar leiðbeinandinn er með kennarapróf frá Danmörku og hinn er í skertri stöðu og kennir eingöngu upplýsingatækni.

Sérkennrarar eru í rúmlega þremur stöðugildum. Aðrir sérfræðingar eru þroskaþjálfir, iðjuþjálfir og námsráðgjafi í 2,35 stöðugildum. Annað starfsfólk er því 17 talsins í rúmlega 10 stöðugildum.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 19% af starfsmönnum skólans. Stöðugleiki er í starfsmanna-hópnum.

Að sögn skólastjóra nýtist sérhæfing yfirleitt mjög vel. Reynt er að þjálfa upp leiðtoga innan hópsins sem oftar en ekki taka að sér að vera verkefnastjórar yfir vinnuhópi.

Nemendur

Í skólanum eru 240 nemendur á haustönn 2014. Meðalstærð bekkja er 24 nemendur. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum skiptist þannig:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	24	18	25	17	19	20	26	21	28	42
Bekkjardeildir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Þess ber að geta að kennt er í teymum skólaárið 2014-2015. Hóparnir eru mjög misstórir og því er ekki hægt að tala um meðalstærð bekkja. Áður voru viðmiðin þannig að árgangi var skipt upp í bekki ef nemendafjöldi fór yfir 22 nemendur í 1.-4. bekk og yfir 29 nemendur í 5.-10. bekk.

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, þ.e. nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, eru 18. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eru 22. Tveir nemendur stunda nám á öðru skólastigi.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf


Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikið tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2007-2014

4. bekkur

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennd síðustu átta árin. Stærðfræði nær aldrei landsmeðaltali en íslenskan sveiflast milli mjög slaks árangur og góðs árangurs.

Árið 2007 voru 38 nemendur í 4. bekk en þeim hefur farið fækkti árlega og voru nemendur í 4. bekk 17 árið 2014. Misjafnt er milli ára hvað margir nemendur taka ekki prófin, eru frá 5% nemenda eins og var í fyrra í 23% nemenda eins og er nú í ár bæði í íslensku og stærðfræði. Hér er þó ekki um marga nemendur að ræða.



Mynd 1 Meðaltalsárangur nemenda í 4.bekk sl. átta ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár

7. bekkur

Frammistaða nemenda í sjöunda bekk síðustu átta árin sveiflast talsvert milli ára. Síðastliðin ár hefur meðalárangur nemenda verið svipaður í íslensku og stærðfræði en miklar sveiflur eru milli áranna á hver frammistaðan er.


Árið 2007 voru 20 nemendur í 7. bekk, voru 41 árið 2010 er þeir eru flestir á þessu árabili en fjöldi nemenda í 7. bekk er nú 26.

Misjafnt er milli ára hvað margir nemendur taka ekki prófin, frá því að allir taki prófin í að um 20% taki þau ekki.

Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftökum í 4. og 7. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 4. og 7. bekkjar prófin 2014 eru hér settar fram og metnar eftir því hvort þær eru minni, svipaðar eða meiri en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfarir nemenda 7. bekkjar skólans milli prófa í íslensku eru mun minni en almennt er á landsvísu, hærra hlutfall nemenda tekur minni framförum en gerist hjá jafnöldrum á landsvísu og enginn nemandi tekur meiri framförum en jafnalar almennt. Í stærðfræði er hlutfall þeirra sem taka minni framförum lægra en almennt gerist á landinu og svipað hlutfall nemenda tekur meiri framförum.



Mynd 2 Meðaltalsárangur nemenda í 7.bekk sl. átta ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár

10. bekkur


Frammistaða nemenda í tíunda bekk síðustu átta árin liggur að jafnaði undir landsmeðaltali. Síðastliðin ár eru miklar sveiflur á frammistöðu milli árganga.

Árið 2007 voru 47 nemendur í 10. bekk, voru fæstir 17 á þessu árabili árið 2010 en fjöldi nemenda í 10. bekk er nú 43.

Misjafnt er milli ára hvað margir nemendur taka ekki prófin, frá því að allir taki prófin í að um 25% taki þau ekki eins og var 2013. Tihneiging er að hlutfall þeirra sem taka ekki próf sé hærra í 10. bekk en í 4. og 7. bekk.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftökum í 7. og 10. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 7. og 10. bekkjar prófin 2014 eru hér settar fram og metnar eftir því hvort þær eru minni, svipaðar eða meiri en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.



Mynd 3 Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk sl. átta ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár

Nemendur 10. bekkjar skólans sem sýna minni framfarir milli prófa í íslensku eru hlutfallslega fleiri en almennt er á landsvísu, en svipað hlutfalla nemenda og gerist á landsvísu, taka meiri framförum en jafnaldrar. Í stærðfræði er hlutfall þeirra sem taka minni framförum ívið lægra en almennt gerist á landinu, en lægra hlutfall nemenda skólans sem taka meiri framförum, en gerist á landsvísu í stærðfræði.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2014-2015 er árlegur skólatími 180 dagar. Á skóladagatali sjást þó eingöngu 178 dagar sem jafngilda 180 skóladögum. Skýringin á þessu eru tveir svokallaðir „tvöfaldir dagar“ sem býðir að þá daga er skólatími nemenda tvöfaldur, annars vegar hefðbundinn kennsludagur og hins vegar viðburður; árshátíð sem tekur nokkrar klukkustundir og fer fram seinni hluta dags og að kvöldi og jólföndurdagur sem einnig er seinni hluta venjubundins kennsludags.

Þessa tilhögun hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og skólanefnd, og ákvörðun tekin um slíkt til eins árs í senn. Fimm skipulagsdagar starfsfólks er á skóladagatali og átta skipulagsdagar utan þess.

Benda ber á að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent frá sér álit, dagsett 31. ágúst 2012, um mögulega útfærslu á nýtingu 10 annarra skóladaga sem ekki má ákveða nema til eins árs í einu. Bent skal á að ráðuneytið er ekki samþykkt því fyrirkomulagi sem er á framkvæmd skóladagatals skólans 2014-2015, sbr. áðurgreint álit og varðar svokallaða „tvöfalda daga“.

Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Forfallastundir skólaárið 2013-2014 voru samtals 626. Þar af voru 530 mannaðar kennurum en aðrar voru leystar á annan hátt, t.d. með stuðningsfulltrúa eða gæslu.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Dalvíkurskóli starfar samkvæmt skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem samþykkt var í fræðsluráði 2007. Þar kemur fram að einkunnarorð skólans eru þekking og færni - virðing og vellíðan.

Í skólastefnu Dalvíkurbyggðar fyrir grunnskóla Dalvíkur stendur enn fremur: „*Starf grunnskólans grundvallast á jafnrétti allra nemenda og því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skulu sköpuð náms-skilyrði svo hann megi á eigin forsendum þrokkast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfs-stæður, hugrakkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur; jákvæður, fær og fróður.*

Grunnskólinn er undirbúnin fyrir ófyrirsjáanlega framtíð. Áhersla er lögð á að efla og styrkja sjálfs-pekkingu nemenda svo að þeir þrokkast með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við sibreytilegar aðstæður í veruleika framtíðarinnar.

Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ein liðsheild. Daglegur rekstur og samskipti þeirra einkennast af lausnamiðaðri nálgun, virðingu fyrir hverjum einstaklingi, jákvæðni og metnaði til árangurs.

Grunnskóli Dalvíkurbyggðar sýnir í skólanámskrá sinni leiðir að markmiðum skólastefnunnar þar sem fram kemur í starfsáætlun hans hvaða skref skólinn hefur stigið og hver eru þau næstu.“

Skólastarf í Dalvíkurskóla er í anda þessarar stefnu. Einnig byggir stjórn skólans á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forstu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastefna Dalvíkurbyggðar fyrir skólann er skýrt fram sett og er birt í skólanámskrá skólans. Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.

Haldin eru innanhúsbíng/skólabíng tvívar á skólaárinu þar sem kennarar segja frá áhugaverðum verkefnum. Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi.

Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu en ekki er farið reglulega og með markvissum hætti í kennslustundir og kennurum er ekki veitt formleg endurgjöf.

Í rýnihópum kom fram að einkunnarorð skólans eru ekki vel þekkt og eru þau lítt sýnileg í skólanum.

Styrkleikar

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.
- Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Innleiða ætti með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra og markvissra heimsókna í kennslustundir.
- Gera einkunnarorð og gildi skólans sýnileg í skólanum.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarféluginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu. Þeir kynna stoð- og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins fyrir starfsmönnum og hvetja þá til að nýta hana sem best.

Í rýnihópum kom fram að stjórnendur mættu hrósa starfsmönnum meira en gert er. Menntun og sérhæfing starfsmanna er formlega skráð í Mentor/Námfús og kemur fram á ráðningarsamningum en auch þess skráir starfsfólk á sérstakt eyðublað á hverju ári alla sí- og endurmenntun sem það sækir.

Styrkleikar

- Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir.
- Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir.
- Unnið er eftir verklagsreglum Dalvíkurbyggðar um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Allir starfsmenn, þ.m.t. verktakar, undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Tækifæri til umbóta

- Leggja áherslu á að kennrar sinni kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Hafa hrós og hvatningu til starfsmanna markvissa.
- Faglegt samstarf
- Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt og aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Stuðlað er að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.

Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldursstigum og/eða árgögum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Einnig er faglegt samstarf við aðra grunnskóla í grenndinni, skóla á öðrum skólastigum og grenndarsamfélagið. Meðal annars er verið að innleiða kennsluaðferðina *Orð af orði/ Læsi til náms* í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Hrafnagilsskóla.

Í skólanámskrá kemur fram að Dalvíkurskóli eigi samstarf við Leikskólann Kátakot, Tónlistarskóla Dalvíkur og framhaldsskólana á Akureyri og í Fjallabyggð. Ekki liggur fyrir yfirlit um skipulag eða lýsing á framkvæmd samstarfsins.

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf starfsmanna. Starfsmönnum er falin ábyrgð á því að leiða vinnu í samstarfsteymum og/eða hópum.

Styrkleikar

- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
- Sett er upp fundaáætlun sem nær til alls starfsfólks, formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá, fundargerðir eru ritaðar og aðgengilegar.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.

Tækifæri til umbóta

- Skrá verklag varðandi samskipti við önnur skólastig.

Skólapróun

Helstu áherslur og markmið í þróunarstarfi eru birt í skólanámskrá skólans og starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar en eiga við skólaárið 2013-2014. Áhersluatrið í símenntunaráætlun skólans sem birt er í skólanámskrá ásamt yfirliti yfir námskeið kennara og starfsmanna er frá síðasta skólaári. Í sjálfsmatsskýrslu, dagsettri 3. júní 2014, kemur fram að á síðasta skólaári hafi stjórnendur haft yfirumsjón með innra mati.

Ekki liggur fyrir þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans og innra og/eða ytra mati á starfinu fyrir skólaárið 2014-2015.

Hvorki liggur fyrir símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2014-2015 né upplýsingar um hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

Styrkleikar

- Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2014-2015 þar sem m.a. kemur fram hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá er aðgengileg öllum hagsmunaaðilum á heimasíðu skólans. Menntastefna skólans birtist í skólanámskrá. Stefnan er nánari útfærsla á stefnu aðalnámskrár grunnskóla og stefnu sveitarfélagsins. Í skólanámskrá eru birt gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi, námi og kennslu og faglegri þróun.

Starfsáætlun skólans er annars vegar hluti af starfsáætlun fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar og hins vegar birt á nokkrum stöðum á heimasíðu skólans. Starfsfólk tekur þátt í vinnu við skóladagatal. Í skóladagatali eru tvöfaldir dagar tvisvar á skólaárinu með samþykki skólaráðs og fræðsluráðs sem staðfesta skóladagatalið árlega.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir hvernig skólinn hyggst uppfylla fyrirmæli um grunnþættina sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir birtast í almennu skólastarfi.

Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega. Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár, hún er kynnt fyrir skólaráði og lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar.

Styrkleikar

- Skólanámskrá uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem ber að birta skv. aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er uppfærð árlega.
- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda og er staðfest af skólaráði og fræðslunefnd árlega.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf heildstæða starfsáætlun fyrir skólann samkvæmt ákvæðum 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.

- Auka mætti beina að komu og þáttöku kennara, starfsfólks, nemenda og foreldra að vinnu við skólanámskrá og starfsáætlun, a.m.k. varðandi þætti sem snúa beint að þessum hagsmuna-ðilum, s.s. áætlanir um umbætur og þróunarstarf, agamál, skólareglur og innra mat.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum/frímínútum og ber með sér að skóladagurinn skiptist í vinnulotur með fjölbreyttum verkefnum. Skipulag náms gerir ráð fyrir samvinnu milli nemenda (bekkjardeilda/árganga) og kennara að verkefnum. Sigrúm skólangs til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri er nýtt í 5.-10. bekk með áherslu á list- og verkgreinar.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu á áhugasviði sínu eða með framtíðaráform í huga. Nemendur eiga þess kost að stunda listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Þátttaka í atvinnulífi, félagslífi, íþróttastarfi eða skipulögðu námi við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla er metið til valgreina, óski foreldrar eftir því.

Samkvæmt stundaskrá 8. bekkjar er vikulegur kennslutími 37 kennslustundir og þar af eru valgreinar 12% kennslutímans. Í 9. og 10. bekk er vikulegur kennslutími 37 kennslustundir og þar af eru valgreinar 18% kennslustunda. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að hlutfall valgreina í 8.-10. bekk skuli vera allt að fimmtungi eða 20% vikulegs kennslutíma.

Styrkleikar

- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Nemendahópar (bekkir eða árgangar) eiga sameiginlegan tíma á töflu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar.
- Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina.

Tækifæri til umbóta

- Auka nýtingu á sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár til að skapa samfellu í námi.
- Tryggja að hlutfall valgreina í heildarkennslutíma nemenda í 8., 9. og 10. bekk sé ekki minna en 20%.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Frá haustinu 2011 hefur verið unnið að innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar í skólanum. Skólareglur voru mótaðar í tengslum við innleiðingu stefnunnar og tóku nemendur þátt í að móta þær. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð og eru birt í skólanámskrá. Starfsmenn gerðu með sér starfsmannasáttmála skólaárið 2013-2014. Er það samdóma álit aðila sem rætt var við að Uppbyggingarstefnan hafi haft mikil og jákvæð áhrif á allt starf skólans.

Fyrir liggur áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Unnar eru áætlanir um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Stoðteymi og sérfræðiþjónusta skólangs samræma og skipuleggja þjónustu og stuðning við nemendur og funda reglulega með nemendaverndarráði.

Skólinn fylgir Olweusarstefnunni varðandi einelti og á heimasíðu er uppfærð eineltisáætlun skólangs fyrir skólaárið 2014-2015. Á forsíðu heimasíðunnar er hnappur til að tilkynna um einelti. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og aðilar skólasamfélagsins þekkja þau.

Í skólanámskrá er getið um forvarnaráætlanir skólangs, s.s. rýmingaráætlun og áfallaáætlun, en þær voru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólangs. Enn fremur liggur fyrir forvarnarstefna skólangs varðandi fíknivarnir og áfengis- og tóbaksvarnir en hún var ekki aðgengileg á heimasíðu.

Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með sérþarfir en þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Dalvíkurbyggð er með á heimasíðu sinni handbók um móttöku nýrra nemenda sem koma erlendis frá sem grunnskólar Dalvíkurbyggðar nýta. Ekki er krækja á þá áætlun á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Uppbyggingarstefnan hefur verið innleidd í skólanum.
- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag hafa verið mótaðar og farið er eftir þeim.
- Forvarnaráætlanir og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Áætlun um sérkennslu/stuðning liggur fyrir og áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.

Tækifæri til umbóta

- Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með annað tungumál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans og kunnar öllum hagsmunaaðilum.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem samráðsaðila í stjórnun skólans. Aðkoma foreldra og nemenda er í gegnum skólaráð þar sem ákvarðanir eru kynntar.

Fulltrúar í skólaráði eru ekki allir með skýr tengsl við bakland sitt og eiga því erfitt með að upplýsa um þjóðendur sína um starfsemi ráðsins og leita eftir athugasemdum þeirra. Ákvarðanir er varða skónámskrá og skóladagatal eru kynntar skólaráði. Skólaráð hélt þrjá fundi á síðasta skólaári. Fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu. Starfsáætlun skólaráðs er ekki á heimasíðu skólans.

Skólastjóri vinnur með foreldrafélagi sem er samstarfsaðili skólans. Upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins eru á heimasíðu skólans ásamt vísun í lög um grunnskóla nr. 91/2008 varðandi foreldrafélög. Foreldrahandbók fyrir skólaárið 2013-2014 liggur fyrir, sem og lög foreldrafélagsins, en eru ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Hvorki liggja fyrir upplýsingar um bekkjarfulltrúa og hlutverk þeirra né starfsáætlun foreldrafélagsins um starfsssemi þess á skólaárinu.

Styrkleikar

- Ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru kynnta fyrir skólaráði.
- Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá.
- Skólastjóri fundar reglulega með stjórn foreldrafélags.
- Fundaraðstaða er fyrir foreldra í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf að fulltrúar foreldra í skólaráði eigi sér bakland í foreldraféluginu.
- Birta ætti starfsáætlun skólaráðs á heimasíðu.
- Stuðla að því að fulltrúar í skólaráði upplýsi umbjóðendur sína um starfsemi skólaráðs og fái svigrúm til að leita eftir athugasemdum þeirra vegna afgreiðslu mála.

Pátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Samstarf heimila og skóla hefur það markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi samstarfi við foreldra með fundum að hausti, tölvupóstum, vikulegu fréttabréfi, viðtölum í lok haust- og vetrarannar og boðum á uppákomur í bekkjum.

Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann. Ekki er markvisst leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu. Í rýnihópi kom fram að námsvízar eru lítið notaðir. Námsvízar fyrir skólaárið 2014-2015 voru ekki komnar inn á heimasíðu skólans um miðjan október. Tvisvar á skólaárinu eru opnir dagar fyrir foreldra þar sem þeim er sérstaklega boðið að hitta stjórnendur og ræða við þá. Þessir opnu dagar eru auglýstir með tölvupósti.

Styrkleikar

- Foreldrum er boðin þátttaka þegar nemendur fara í vettvangsferðir eða heimsóknir.
- Reglulega eru sendar upplýsingar til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum.
- Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða vilja koma ábendingum á framfæri.

Tækifæri til umbóta

- Kynna námsvísa með markvissum hætti fyrir nemendum og foreldrum strax í upphafi skólaárs.
- Efla heimasíðu skólans svo hún innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar um skólastarfið frá upphafi skólaárs.

Svið II - Nám og kennsla

Dalvíkurskóli er skóli án aðgreiningar þar sem lögð er áhersla á að allir fái nám við hæfi. Með það fyrir augum er virkt stoðkerfi sem með skimunum finnur þá einstaklinga sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda sem fyrst á skólagöngunni.

Með teymisvinnu, þar sem árgögum er blandað saman, eru sköpuð skilyrði til þess að velja saman í hópa þá einstaklinga sem eru svipaðir hvað varðar hæfni í hinum ólíku námsgreinum. Þannig er auðveldara að koma sem best til móts við þarfir einstaklinganna. Teymisvinnan býður einnig upp á meiri möguleika til faglegrar umræðu milli kennara/kennarahópa.

Þess má þó geta að ákveðið var að taka upp teymisvinnu s.l. skólaár án mikillar umræðu í kennarahópnum og það hefur valdið nokkrum titringi. Foreldrar tóku heldur ekki þátt í þeirri umræðu. Þó virðast flestir sáttir við þessa ákvörðun í dag enda hefð í skólanum fyrir mikilli og góðri samvinnu milli kennara og því auðveldara að koma slíku skipulagi á.

Þróunarverkefni til eflingar læsis, *Orð af orði og Byrjendalæsi*, og *Töfraheimar stærðfræðinnar* eru allt nýbreytni- og þróunarverkefni sem styrkja og efla nám og kennslu.

Í gegnum árin hefur verið mikil áhersla á verklegar greinar og nemendur eru t.d. allt frá 1. bekk í verklegum greinum undir umsjón fagmenntaðra sérgreinakennnara.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólanámskrá er skýrt fram sett og birt á heimasíðu. Hún er endurskoðuð reglulega af kennurum og öðru starfsfólk skólans og kynnt fyrir skólaráði. Í henni er að finna nokkra þætti sem tilheyra fremur starfsáætlun en við lok endurskoðunar og þegar gildistími aðalnámskrá rennur upp, verður efni hennar væntanlega endurskoðað m.t.t. þessa. Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda, sbr. námsvísa og vettvangathuganir.

Námsvísar/bekkjarnámskrár eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá. Þar er grunnþáttum menntunar gerð skil og einnig er útskýrt í skólanámskrá hvernig fléttu á þá í allt starf skólans. Nemendur og foreldra þekkja til námsvísa en nýta sér þá ekki mikið að sögn þátttakenda í rýnhópum. Þegar námskynnингar fyrir foreldra eru hafðar á haustin eru námsvísar/bekkjarnámskrár ekki tilbúin til birtingar.

Vakin er athygli á margvislegum hæfileikum nemenda, bæði þá sem birtast í skólastarfinu og utan skólans. Það er t.d. gert með fréttum á heimasíðu.

Unnið er úr og með niðurstöður námsmats, samræmdra prófa og annars mats með það að markmiði að efla árangur einstakra nemenda. Til er skráð ferli sem unnið er eftir þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir. Í könnunum Skólapúlsins kemur fram að líðan nemenda er almennt góð í skólanum.

Frammistaða nemenda í samræmdum prófum síðustu átta árin sveiflast talsvert milli ára (sjá kaflann Árangur náms – samræmd könnunarpróf). Í niðurstöðum samræmdra prófa kemur fram, þegar litid er til síðustu átta ára, að skólinn hefur að meðaltali verið um landsmeðaltal í íslensku í fjórða og sjöunda bekk en undir landsmeðaltali í stærðfræði í öllum árgögum og í íslensku og ensku í 10. bekk.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er skýrt fram sett og birt opinberlega.
- Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil, bæði í námsvísum og skólanámskrá.
- Til er sérstakt ferli sem unnið er eftir þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Hvetja nemendur og foreldra til að nýta sér námsvísa/bekkjarnámskrár árganga.

- Tímasetja endurskoðun námsvísa/bekkjarnámskráa þannig að kynna megi uppfærða gerð á námskynningum árganga með foreldrum að hausti.
- Huga að því hvernig bæta megi námsárangur nemenda (sbr. niðurstöður samræmdra prófa).

Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá hvað varðar bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir og eru þannig aðgengilegar nemendum og foreldrum. Þær þurfa að vera tilbúnar í byrjun skólaárs. Námsvívars sýna stigvaxandi kröfur í námi og þeir eru í góðu samhengi milli árganga.

Viðmið um námsmat er skýrt fram sett hvað varðar lestur en að öðru leyti er ekki hægt að gera sér grein fyrir viðmiðum um námsmat eða matskvörðum, t.d. í skólanámskrá.

Nemendur á unglingsastigi geta valið um fjölbreyttar valgreinar en þær ná þó ekki þeim fimmtungi kennslustunda á viku sem aðalnámskrá kveður á um. Á öðrum aldursstigum virðist ekki mikið val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, að því er fram kom í vettvangsathugunum og rýnihópa-viðtölum.

Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti en þó kom fram hjá rýnhópum að bæta þurfi fremur lélegan tölvukost skólans (gamlar tölvur og úreltar) sem hamlar notkun upplýsingatækni í hinum ýmsu fögum. Áhugaverð tilraun var gerð hjá 7. bekk s.l. skólaár, sem heldur áfram á þessu ári hjá 8. bekk þar sem I-Pad er notaður við kennslu og nemendur nýta hann einnig við heimavinnu. Virðist það gefa góða raun og bjóða upp á fjölbreyttara og áhuga-verðara starf að mati nemenda. Nemendur á unglingsastigi eiga þess kost að koma með eigin tölvur til nota í kennslustundum, t.d. til að taka niður „glósur“.

Nemendaviðtöl eru tvö á ári í unglingsadeild þar sem kennari ræðir einslega við hvern nemanda, svo-kallað „sófaspjall“, m.a. um líðan. Að öðru leyti er ekki um reglubundin viðtöl að ræða nema foreldra-viðtöl tvisvar á ári, þar sem foreldrar og nemendur ræða við umsjónarkennara.

Nemendur yngri bekkja fá vikuáætlanir varðandi nám sitt og geta því dreift á lagi yfir vikuna. Á unglingsastigi er því ekki eins farið og stundum bregður við, skv. rýnhópum, að vinnaálagið sé of mikið vegna þess að þess er ekki gætt að dreifa heimanáminu. Með tilkomu teymisvinnu og reglulegra funda kennara sem vinna saman í teymum horfir þetta til bóta. Heimanámsaðstoð er í boði fyrir nemendur í 8.–10. bekk í skólanum og er þá sem hluti valgreina.

Styrkleikar

- Kennsluáætlanir eru gerðar og þær eru aðgengilegar fyrir alla nemendur og foreldra.
- Námsvívars/bekkjarnámskrár eru aðgengileg á heimasíðu og sýna stigvaxandi kröfur m.t.t. aldurs nemenda.
- Unglingar hafa tækifæri til að velja milli fjölmargra valgreina.
- Áhugavert þróunarstarf með I-Pad í kennslu er í gangi.

Tækifæri til umbóta

- Efla mætti notkun upplýsingatækni í kennslu, m.a. með betri búnaði.
- Auka þarf vægi valgreina á unglingsastigi.
- Huga ætti að því að nemendur á öllum aldrum hafi meira val um viðfangsefni og námsaðferðir.
- Skipuleggja ætti heimanám unglings með það fyrir augum að það dreifist eðlilega.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræðipekking og menntastefna skólans endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Almennt eru kennslustundir vel nýttar og vel skipulagðar. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsat-hugunum en þó eru 65% kennslustunda skráð sem sein kennsla eða fræðandi. Leiðbeinandi kennsla (hugsmíðahyggja) var í 25% kennslustunda og blanda af hvoru tveggja í 10% tilfella.

Fjölbreyttar námsgreinar eru samþættar á ýmsum aldursstigum. Má þar nefna á yngsta stigi verkefnið Byrjendalæsi sem nær yfir nokkrar námsgreinar. Þá er samþætting í 1. og 2. bekk í náttúrufræði, íslensku og stærðfræði með verkefninu „Í berjamó“. Samþætting fer fram í útikennslu, í textíl og smíði og einnig í myndmennt, textíl og smíði.

Í vettvangsathugunum voru nemendur í rúmlega helmingi kennslustunda (55%) að vinna sjálfstætt, þ.e. einstaklingsvinnu, en í þremur kennslustundum (15%) var áherslan á samvinnu og stundum blandað, eða í tæplega þriðjungi stunda (30%). Samræður, samstarf eða umræður nemenda á milli til að auka þekkingu voru ekki áberandi á vettvangi.

Þó nemendur fái oft á tíðum krefjandi viðfangsefni var þó eins og áður segir í 65% vettvangsathugana fræðandi eða sein kennsla þar sem allir voru að vinna að samskonar verkefnum. Því má ætla að kennsla sé ekki alltaf lögð að mati á stöðu einstakra nemenda. Hins vegar gefur teymiskennsla tæki-færi til að koma betur til móts við ólíka hæfileika og getu heldur en árganga/bekkjakennsla. Í Dalsvíkur-skóla er teymiskennsla blandaðra árganga, ýmist tveir eða þrír árgangar saman.

Endurgjöf kennara á vinnu nemenda var leiðbeinandi, regluleg og markviss. Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms, hæfniviðmiðum og tekur mið af kennsluháttum. Huga þarf að því að gera nemendur meðvitaða um markmið kennslunnar í heild sem og markmið einstakra kennslustunda.

Styrkleikar

- Kennrar sýna góða fagþekkingu og kennslufræðilega hæfni.
- Kennslustundir eru vel nýttar og skipulagðar.
- Mörg dæmi eru um samþætt verkefni.

Tækifæri til umbóta

- Huga að enn fjölbreyttari kennsluháttum þar sem lausnamiðuð eða leiðbeinandi kennsla er áberandi.
- Efla samvinnu og samstarf nemenda í kennslustundum.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Efla vitund nemenda um markmið námsins/kennslustunda.

Námshættir og námsvitund

Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum, bæði í bóklegu og verklegu námi. Nemendur þekkja og nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi. Nám nemenda tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra. Þar má til dæmis nefna fjölbreyttar kennslugreinar í vali á unglingsastigi og sérstaka tíma í viku hverri sem tengjast beint áhugasviðum hvers og eins.

Á yngri stigum er minna um að nemendur geti valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl. Í vettvangsathugunum nýttu nemendur sér upplýsingatækni í þremur kennslustundum af tuttugu.

Styrkleikar

- Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Nám nemenda á unglingsastigi tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum á yngri stigum kleift að hafa meiri áhrif á viðfangsefni og námsstíl með vali á námsaðferðum.
- Efla upplýsingatækni í námi.

Pátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur hafa tækifæri til að tjá sig um málefni sem snerta þá á ýmsan hátt. Allir hafa tækifæri til þess á bekkjarfundum en auk þess sitja nemendur í skólaráði, nemendaráði og umhverfisnefnd Grænfánaverkefnis. Þá er einnig starfandi námsnefnd sem skipuð er nemendum á unglungastigi, auk kennara og stjórnanda, sem fundar um það bil mánaðarlega og er samráðsvettvangur nemenda og starfsfólks um málefni sem snúa að námi og kennslu.

Að mati fulltrúa í rýnihópum hafa nemendur einnig greiðan aðgang bæði að sínum umsjónarkennara og skólastjórnendum til þess að koma málefnum sínum á framfæri.

Með bekkjarfundum fá nemendur nokkra kennslu í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif en þeir fulltrúar sem sitja í ráðum á vegum skólans fá ekki til þess sérstaka þjálfun. Skólaráð starfar þannig að nemendur eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku og eru kosnir lýðræðislegri kosningu.

Ekki er til skráð verklag um hvernig fulltrúar nemenda í nefndum og ráðum geti miðlað reynslu sinni til annarra nemenda eða upplýst þá um umræður og ákvarðanir sem teknar eru.

Almennt má segja að í skólanum ríki jákvæður andi samstarfs og virðingar meðal þeirra sem þar starfa.

Styrkleikar

- Starfandi námsnefnd er til fyrirmynadar og öðrum til eftirbreytni.
- Nemendur hafa á margvíslegan hátt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Nemendur eru fullgildir þátttakendur í skólaráði og kosnir til þess lýðræðislegri kosningu.

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf verklag sem gerir nemendum kleift að koma upplýsingum til annarra nemenda um ákvarðanir og umræður í ráðum og nefndum sem nemendur eiga fulltrúa í.
- Ákjósanlegt væri að undirbúa nemendur sérstaklega fyrir setu í ráðum og nefndum til að efla félagshæfni.

Ábyrgð og pátttaka

Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennlustunda en síður heildarmynd af námseiningum eða markmið með þeim. Það kemur m.a. fram í því að þeir nýta sér ekki námsvísa/bekkjarnámskrár að eigin sögn.

Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið að einhverju leyti innan þess ramma sem kennari tilgreinir en þeim er ekki markvisst kennt að setja sér eigin markmið í námi.

Þegar um er að ræða einstaklingsbundin markmið fyrir þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð eru foreldrar með í ráðum og fylgjast einnig með námsframvindu barna sinna, m.a. með setu í teymum sem sett eru á fót í kringum hvern og einn nemanda.

Í ýmsum fögum er nemendum kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati en viðmið um árangur eru ekki opinber nema í íslensku (læsisstefna) og nemendur þekkja þau ekki, að því er fram kom í rýnhópi.

Styrkleikar

- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda.
- Foreldrar eru með í ráðum við að setja einstaklingsbundin markmið fyrir nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá.
- Nemendur fá þjálfun í sjálfsmati.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum ljós markmið hvað varðar námseiningar í heild sinni.
- Efla nemendur í að setja sér eigin markmið.
- Setja viðmið um árangur í hinum ýmsu greinum og gera þau opinber.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þáttöku í skólastarfi, óháð atgervi þeirra og stöðu. Allir þáttakendur í rýnihópum voru sammála um að í Dalvíkurskóla er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Reynt er að koma til móts við námsþarfir allra nemenda, meðal annars með teymisvinnu og góðri stoðþjónustu. Í kafla IV um fjölmenningu er nánar fjallað um hvernig hugað er sérstaklega að þeim sem koma erlendis frá.

Foreldrar eru með í ráðum um námsmarkmið í einstaklingsnámskrá og nemendur og foreldrar tóku þátt í frammistöðumati í Mentor sem skólinn var með en hefur nú verið aflagt og verið að taka upp nýtt kerfi; Námfús.

Námsvísar/bekkjarnámskrár mæta fjölbreyttum þörfum og áhuga allra nemenda. Þrátt fyrir töluverða fjölbreytni í kennsluháttum var ekki hægt að sjá á vettvangi að sérstaklega væri ýtt undir áhuga og hæfileika einstaklinganna með vali á viðfangsefnum. Undantekning eru þó valfög á ungingastigi og sérstakir áhugasviðstímar í hálfa aðra klukkustund á viku. Í áhugasviðstímunum kynna nemendur sér sérstaklega verkefni/þema sem þau hafa áhuga á og búa síðan til kynningar sem bæjarbúum gefst kostur á að skoða.

Kennara meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.
- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans.
- Námsmat fer fram á fjölbreyttan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Fjölga verkefnum nemenda á öllum aldri þar sem beinlínis er tekið mið af áhuga þeirra og hæfileikum.
- Hvetja foreldra og nemendur til að setja sameiginlega námsmarkmið.

Stuðningur við nám

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum fagmenntaðra starfsmanna. Samstarf og samráð um sérstakan stuðning í námi er við nemendur, foreldra þeirra, umsjónarkennara og sérfræðinga, bæði innan skóla og utan.

Sérstakt stoðteymi er starfandi þar sem sitja verkefnisstjórar sér- og nýbúakennslu, iðjuþjálfi, deildarstjórar eldra og yngra stigs og námsráðgjafi skólans. Stoðteymið hittist einu sinni í viku og fundar reglulega með nemendaverndarráði.

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem fá sérstakan stuðning þar sem tilgreind eru við-eigandi námsmarkmið. Foreldrar þessara nemenda taka þátt í að setja námsmarkmið og endurskoða þau reglulega. Mynduð eru teymi um þá nemendur sem þurfa mesta aðstoð þar sem umsjónarkennari, verkefnisstjóri sérkennslu eða annar sérfræðingur skólans, foreldrar og ef þarf aðrir sérfræðingar utan skóla, t. d. frá fræðslu- og menningarsviði eða félagsþjónustu, halda utan um málefni viðkomandi einstaklings.

Stefna skólans er að sérkennsla og stuðningur fari að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps.

Námsmat er fjölbreytt og lagað að þörfum nemenda. Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og reynt að koma til móts við þarfir einstaklinganna. Bráðgerir nemendur á unglungastigi fá að taka framhaldsskólaáfanga, hafi þeir lokið námsefni grunnskólans með góðum árangri. Einnig geta nemendur lokið skyldunámi á styttri tíma eða 9 árum. Að mati fulltrúa í rýnihópum veitist oft örðugara að vera með krefjandi námsefni fyrir þá sem skara fram úr í námi á yngri aldursstigum. Teymiskennsla auðveldar þetta þó að mati kennara og stjórnenda.

Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi.
- Stuðningur við nám er tengdur markmiðum náms og einstaklingsnámskrá.
- Árangur stuðnings er metinn markvisst og endurskipulagður ef þarf.
- Foreldrar taka þátt í að gera og endurmeta markmið einstaklingsnámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nemendur á öllum aldri, þar með talið bráðgerir, fái krefjandi verkefni við hæfi.

Svið III – Innra mat

Árið 2007 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Dalvíkurskóla. Niðurstaða úttektarinnar var:

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans fullnægjandi að hluta og framkvæmd þess telst fullnægjandi að hluta.

Í greinargerð kemur fram: „Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram á tilteknum þáttum skólastarfsins. Verkáætlun liggur ekki fyrir og ekki hefur verið unnið kerfisbundið að umbótum. Niðurstöður matsins hafa verið kynntar starfsfólk og foreldrum.

Undanfarin ár hefur mikill tími farið í sameiningu skólans við aðra skóla og endurskoðun skólanámskrár.“

Í skólanámskrá er stuttlega fjallað um innra mat skólans. Í óbirtri sjálfsmatsskýrslu/greinargerð um innra mat, sem dagsett er 3. júní 2014, er fjallað um innra mat skólans skólaárið 2013-2014. Þar kemur fram að yfirumsjón innra mats var í höndum skólastjóra og deildarstjóra stiga.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi skólans og helstu áherslum. Enn fremur er greint frá vinnuhópum sem störfuðu að hinum ýmsu mats- og þróunarverkefnum skólaárið 2013-2014.

Í umfjöllun um einstaka matsþætti kemur fram að í innra mati er bæði stuðst við eigindleg og megin-dleg gögn. Notaðar voru niðurstöður prófa og kannana, viðtöl og fundir. Í lok umfjöllunar um hvern þátt er með almennum orðum gerð grein fyrir leiðum til úrbóta. Í fylgiskjali með skýrslu um sjálfsmat er sjálfsmatsáætlun fyrir 2014-2016 þar sem gerð er grein fyrir hvað á að meta og hvernig það skuli gert og tilnefndir eru ábyrgðaraðilar fyrir einstökum atriðum. Fram kemur að viðtakendur séu starfsfólk skólans og fræðslu- og menningarsvið og úrbótaáætlun verði sett á heimasvæði skólans. Hvorki koma fram skilgreind markmið né viðmið um árangur og ekki heldur hvað skuli gert verði árangur undir væntingum.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofin og daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá og sjálfsmatsskýrslu/greinargerð um innra mat er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði.

Í skólanámskrá kemur fram að í skólanum sé starfandi gæðaráð þar sem sitja þrí kennarar, deildarstjóri 1.-6.bekkja, verkefnastjóri sér- og nýbúakennslu, starfsmaður frá fræðslu- og menningarsviði og skólastjóri sem stýrir mánaðarlegum fundum. Hlutverk gæðaráðs er meðal annars að sjá til þess að unnið sé eftir stefnum og áætlunum skólans, hvetja til fjölbreytni í kennsluaðferðum og fagmennsku í skólastarfinu og taka þátt í að skipuleggja og framfylgja innra mati skólans.

Í óbirtri sjálfsmatsskýrslu fyrir síðasta skólaár kemur fram að yfirumsjón innra mats hafi verið á höndum skólastjóra og deildarstjóra stiga. Einnig hafi verið starfandi sjálfsmatsnefnd sem hafi átt að gera áætlun um hvernig best yrði staðið að sjálfsmati skólans og símenntun starfsmanna, ásamt því að velja forgangsverkefni með eftirfylgni.

Innra matið nær til allra helstu þátta í skólastarfinu. Fyrir liggur sjálfsmatsáætlun fyrir 2013-2016 og er hún birt sem fylgiskjal með sjálfsmatsskýrslu.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf.
- Langtímaáætlun um innra mat (2013-2016) liggur fyrir og samkvæmt henni skulu helstu þættir skólastarfsins metnir.
- Áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár liggur fyrir.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Meta ætti kennslu og fagmennsku allra kennara og nýjungar í kennsluháttum með reglubundnum hætti.
- Gera skýra grein fyrir skipan matsteymis.

Innra mat er markmiðsbundið

Grunnþættir í menntun, markmið og áhersluþættir grunnskólalaga og skólastefna viðkomandi sveitarfélags endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast þannig í innra mati skólans. Innra matið metur leiðir sem farnar eru. Í greinargerð um innra mat/sjálfsmatsskýrslu er fjallað í almennum orðum um niðurstöður.

Styrkleikar

- Markmið skólanámskrár eru metin með einhverjum hætti.
- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera grein fyrir í sjálfsmatsskýrslu/greinargerð um innra mat að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna og er þeirra aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. samræmd próf, niðurstöður PISA, kannanir og skimanir sveitarfélags og ytra mat sveitarfélags og ráðuneytis) í innra matið.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Stjórnendur hafa forgöngu og yfirumsjón með innra mati. Fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda eiga ekki sæti í matsnefnd. Í fundargerðum skólaráðs fyrir síðasta skólaár kemur ekki fram að ákváranir um áherslur og forgangsröðun í innra mati hafi verið kynntar fyrir skólaráði.

Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Kennrarar, starfsfólk og fulltrúar nemenda og foreldra í skólaráði eru þátttakendur í þróun og umbótum í kjölfar innra mats.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

Tækifæri til umbóta

- Virkja ætti alla hagsmunaaðila í matsteymi með þátttöku skólastjóra.
- Móta þarf ferli við ákvörðun á áherslum og forgagnsröðun í innra mati þannig að allir hagsmunaaðilar komi að verkefninu.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Niðurstöður innra mats eru kynntar á fundum með kennurum, starfsmönnum og í skólaráði. Sjálfsmatsskýrslur eru á heimasíðu skólans en óbirt sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2013-2014 var ekki aðgengileg hagsmunaaðilum í byrjun skólaársins 2014-2015. Í rýnihópum var lítil vitneskja um niðurstöður innra mats skólans eða hvar þær væri að finna. Í sjálfsmatsskýrslu/greinargerð um innra mat er fjallað í almennum orðum um leiðir til úrbóta en þær ekki útfærðar nánar.

Styrkleikar

- Niðurstöður úr innra mati eru kynntar á fundum kennara og starfsmanna sem og í skólaráði.
- Sjálfsmatsskýrsla/greinargerð um innra mat er skýrt fram sett.

Tækifæri til umbóta

- Birta greinargerð um innra mat/sjálfsmatsskýrslu opinberlega.
- Kynna fyrir hagsmunaaðilum og birta opinberlega niðurstöður kannana, t.d. Skólapúlsins.

Innra mat er umbótamiðað

- Við greiningu niðurstaðna í sjálfsmatsskýrslunni er fjallað í almennum orðum um styrkleika og tækifæri til umbóta. Upptalning á almennum markmiðum og áherslum í umbótaáætlun sem birt er í skolanámskrá tekur til skólaársins 2013-2014.

Eiginleg umbótaáætlun með atriðum til umbóta, leiðum sem á að fara, markmiðum, viðmiðum, ábyrgðaraðilum og tímasettri áætlun um hvenær á að meta áhrif umbótanna er ekki til staðar.

Styrkleikar

- Áætlanir um umbætur eru kynntar í skólaráði.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár liggi fyrir.
- Setja umbótaáætlun skýrt fram.
- Birta umbótaáætlanir á heimasíðu og kynna þær öllum hagsmunaaðilum.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.

Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir - Fjölmennung

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um fjórða matsþáttinn lá fyrst fyrir stuttu áður en matið hófst.

Í Dalvíkurskóla er um það bil 14% nemenda af erlendum uppruna og því er fjölmennung áberandi í öllu starfi skólans. Dalvíkurbyggð hefur sett sér fjölmennningarstefnu til að takast á við þær samfélags-breytingar sem hafa orðið síðustu ár í átt til aukins menningar- og trúarlegs fjölbreytileika. Stefnan nær bæði til leik- og grunnskóla. Nú er unnið að endurskoðun stefnunnar og er það gert í samráði við skóla Dalvíkurbyggðar.

Í stefnunni er áhersla á að ekki sé aðeins verið að huga að því að einstaklingar sem flytja til landsins tileinki sér menningu og samfélag íbúa sem fyrir eru heldur einnig að þeir sem fyrir eru komi til móts við þarfir einstaklinga af erlendum uppruna og viðurkenni menningu þeirra.

Dalvíkurskóli byggir sína fjölmennningarstefnu á því sem fram kemur í fjölmennningarstefnu sveitarfélagsins varðandi grunnskóla. Þar er hugað bæði að námslegum og félagslegum þörfum þeirri einstaklinga sem koma erlendis frá, hugað að upplýsingaflæði og góðu foreldrasamstarfi auk stuðnings við móðurmál viðkomandi.

Almennt er hlúð að fjölbreyttri menninga innan skólans, m.a. kemur það fram í sérstökum þemadögum sem haldnir eru þar sem áhersla er á öll þau lönd sem nemendur skólans eiga sinn uppruna í. Þemað er þá tengt matarmenningu, tónlist o.fl. Skólastreglur eru prentaðar á þremur tungumálum, íslensku, pólsku og ensku. Vikuleg fréttabréf eru einnig gefin út á þremur tungumálum. Kynningarfundur í samstarfi við tómstundafulltrúa hefur verið haldinn til að kynna tvítyngdum nemendum og foreldrum þeirra bæði skólastarf og tómstundir. Sérstök móttökuáætlun er til fyrir þá nemendur sem eru af erlendu bergi brotnir.

Nú er verið að vinna að því að setja upp orðið Velkomin á hinum ýmsu tungumálum í anddyri skólans sem lið í því að minna alla á fjölmennningarstefnuna.

Til þess að rýna sem best í þessa þætti fjölmennningar skiptu matsmenn vísbendingum þar að lútandi í þrjá flokka; móttöku, félagslega aðlögun, nám og kennslu.

Móttaka

Til er *Handbók um móttöku nýrra nemenda sem koma erlendis frá í grunnskóla Dalvíkurbyggðar*. Í henni er m.a. að finna gátlista vegna móttöku nýrra nemenda sem koma erlendis frá. Þar er fjallað um forvinnu skólans fyrir móttöku, fyrstu skrefin í skólanum og áframhaldandi samstarf heimila og skóla. Þar er einnig gátlisti vegna móttökuviðtals þegar nemandi byrjar í skólanum.

Þessari móttökuáætlun er fylgt eftir en hún er þó ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Ekki er beinlínis um móttökuteymi að ræða en ákveðnir einstaklingar bera ábyrgð á móttöku nemenda eins og segir í áætluninni.

Á heimasíðu eru upplýsingar um skólann á pólsku en meginþorri nemenda erlendis frá kemur frá Pólland. Þess er gætt að foreldrar nemenda með annað tungumál en íslensku fái upplýsingar um skólastarfið, frístund (skólavistun) og félagsstarfið, m.a. með sameiginlegum fundi skóla, félagsmiðstöðvar og íþróttamiðstöðvar og með aðkomu fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.

Viðkomandi umsjónarkennrar kynna sér bakgrunnsmenningu nemenda með íslensku sem annað tungumál og kynna land viðkomandi einstaklings sérstaklega fyrir beknum og þá gjarnan með aðstoð nemandans sjálfs.

Styrkleikar

- Móttökuáætlun er til staðar fyrir nemendur af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um skólann eru á erlendum málum á heimasíðu.
- Þess er gætt að foreldrar nemenda af erlendum uppruna fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Birta móttökuáætlun á heimasíðu skólans.

Félagsleg aðlögun

Í skólanámskrá Dalvíkurskóla segir: „Í skólanum er bæði þjóðmenningu og heimamenningu allra nemenda sýnd virðing, áhugi og víðsýni. Hlúð skal að fjölbreyttri menningu innan skólans með öllum ráðum“. Námskeið hafa verið haldin fyrir starfsfólk skóla til að auka víðsýni þess og efla jákvætt viðhorf til fjölmennings og hjálpa því að takast á við starf þar sem fjölbreytileg menning er arfur nemendanna. Reynt er með markvissum hætti að koma á sambandi milli nemenda með íslensku sem annað tungumál og bekkjarfélaga til að aðstoða við aðlögun og nám. Það er t.d. gert með því að skipuleggja strax við komu nemenda af erlendum uppruna að íslenskir nemendur taki að sér ákveðinn stuðning í fríminútum, í matsal, í íþróttahúsi o.s.frv. Kennrarar hafa einnig haldið sérstök vinavöld, einkum fyrir unglings, til að hjálpa til við félagslega aðlögun nemenda. Í samtölum við kennara kom þó fram að stundum sé erfitt að skapa þessi tengsl þar sem nemendur af erlendum uppruna sækja einkum i það að bindast vinatengslum við þá sem eru af sama þjóðerni.

Stjórnendur hvetja kennara og aðrar starfsmenn til að nota hvert tækifæri sem gefst til þess að leggja áherslu á fjölmenningu og fá erlenda nemendur í lið með sér. Sem dæmi um slíka hvatningu var það gert varðandi *evrópska tungumáladaginn*.

Foreldrafélagið hugar að því að reyna að fá foreldra barna af erlendum uppruna í stjórn félagsins og nú er t.d. foreldri pólsks barns fulltrúi í foreldrafélaginu.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er kveðið á um gagnkvæma félagslega aðlögun.
- Námskeið eru haldin til að fræða starfsfólk um fjölmenningu.
- Reynt er með markvissum hætti að koma á sambandi milli íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að þráð enn frekar aðferðir til að skapa félagsleg tengsl milli íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna.

Nám og kennsla

Kennslustundafjöldi nemenda af erlendum uppruna er í langflestum tilfellum sá sami og hjá öðrum nemendum á sama aldri. Þó hefur stundum verið gripið til þess að hafa hluta námsins í starfspjálfun, t.d. á leikskóla, með það fyrir augum að auka orðaforða í íslensku máli. Þetta á við þá nemendur sem geta ekki tjáð sig á öðru tungumáli en sínu eigin og eru komin á unglingsastig.

Eins og aðrir nemendur eru nemendur af erlendum uppruna með einstaklingsnámskrá ef þurfa þykir og fylgist fagstjóri/verkefnistjóri í sérkennslu með framgangi þeirra og metur þörfina í samstarfi við foreldra og aðra kennara. Þessar einstaklingsnámskrár eru þýddar á viðkomandi tungumál.

Hvatt er til þess að nemendur með íslensku sem annað tungumál viðhaldi sínu eigin móðurmáli. Það er m.a. gert með því að ráðinn hefur verið pólskur kennari við skólann sem hjálpar pólskum nemendum. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að ekki er hægt að fá slíka aðstoð fyrir alla nemendur með annað tungumál en íslensku.

Sérstakar reglur eru til um túlkapjónustu í Dalvíkurskóla og fenginn er túlkur í foreldraviðtöl og skila-fundi vegna sérfræðiþjónustu ef þörf er á.

Aðgangur að tungumálaveri hefur verið nýttur í fjarkennslu til að koma til móts við sem flesta.

Styrkleikar

- Nemendur af erlendum uppruna eru með sambærilegan kennslustundafjölda og aðrir nemendur á sama aldrí.
- Hvatt er til þess að nemendur af erlendum uppruna viðhaldi sínu tungumáli.
- Að hafa pólskan kennara til að styðja nemendur varðandi pólsku kennslu.
- Tílkapjónusta er í boði hvenær sem þörf er á.

Tækifæri til umbóta

- Leita allra leiða til að aðstoða nemendur af erlendum uppruna til að viðhalda sínu tungumáli.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Dalvíkurskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem að lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki hvað síst í því að lögð er áhersla á og unnið er með fjölmenningu og nemendalýðræði sem m.a. kemur fram í starfandi námsnefnd sem er öðrum til eftirbreytni.

Styrkleikar í stjórnun

Skólastefna Dalvíkurbyggðar fyrir skólann er skýrt fram sett og er birt í skólanámskrá skólans sem uppfyllir viðmið samkvæmt 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla. Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi og einkennist samstarfið af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.

Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga og eiga nemendahópar (bekkir eða árgangar) sameiginlegan tíma á töflu sem stuðlar að sveigjanleika og auðveldar samstarf.

Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag hafa verið mótaðar samhliða innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar í skólanum. Forvarnaráætlanir og viðbrögð við einelti sem byggja á Olweusarstefnunni liggja fyrir.

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem samráðsaðila í stjórnun skólans. Einnig fundar skólastjóri reglugæð með stjórn foreldrafélags. Upplýsingar um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum eru reglulega sendar til foreldra. Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða vilja koma ábendingum á framfæri.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Innleiða ætti með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra og markvissra heimsókna í kennslustundir.
- Leggja áherslu á að kennrarar sinni kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Gera símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2014 -2015.
- Vinna heildstæða starfsáætlun fyrir skólann samkvæmt ákvæðum 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.
- Tryggja að hlutfall valgreina í heildarkennslutíma nemenda í 8., 9. og 10. bekk sé ekki minna en 20%.

- Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með annað tungumál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans og kunnar öllum hagsmunaaðilum.
- Tryggja þarf að fulltrúar foreldra í skólaráði eigi sér bakland í foreldrafélaginu.
- Stuðla að því að fulltrúar í skólaráði upplýsi umbjóðendur sína um starfsemi skólaráðs og fái svigrúm til að leita eftir athugasemdum þeirra vegna afgreiðslu mála.
- Efla heimasíðu skólans svo hún innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar um skólastarfið frá upphafi skólaárs.

Styrkleikar í námi og kennslu

Skólanámskrá Dalvíkurskóla er skýrt fram sett og birt opinberlega. Þar eru grunnþáttum menntunar gerð skil og stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda. Kennrar sýndu góða fagþekkingu og kennslufræðilega hæfni í vettvangsat hugunum og kennslustundir eru vel nýttar og skipulagðar. Nemendur hafa á margvíslegan hátt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri, m.a. í námsnefnd sem er til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu, og skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu. Stuðningur við nám er tengdur markmiðum náms og einstaklingsnámskrá sem unnin er í samvinnu við foreldra.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Tímasetja þarf endurskoðun námsvísa/bekkjarnámskrár þannig að kynna megi þá á námskynningum árganga með foreldrum að hausti og hvetja þá og nemendur til að nýta sér þá markvisst.
- Huga að því hvernig bæta megi námsárangur nemenda (sbr. niðurstöður samræmdra prófa).
- Efla notkun upplýsingatækni í kennslu, m.a. með betri búnaði.
- Auka vægi valgreina á ungleingastigi.
- Huga að enn fjölbreyttari kennsluháttum þar sem lausnamiðuð eða leiðbeinandi kennsla er áberandi.
- Efla vitund nemenda um markmið námsins/kennslustunda og námseininga í heild sinni.
- Móta þarf verklag sem gerir nemendum kleift að koma upplýsingum til annarra nemenda um ákváðanir og umræður í ráðum og nefndum sem nemendur eiga fulltrúa í.
- Efla nemendur í að setja sér eigin markmið.
- Fjölda verkefnum nemenda á öllum aldri þar sem beinlínis er tekið mið af áhuga þeirra og hæfileikum.

Styrkleikar í innra mati

Markmið skólanámskrár eru metin með einhverjum hætti og þar er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf. Langtímaáætlun um innra mat (2013-2016) liggur fyrir og hún endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins skuli metnir.

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna og er þeirra aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. samræmd próf, niðurstöður PISA, kannanir og skimanir sveitarfélags og ytra mat sveitarfélags og ráðuneytis) í innra matið.

Sjálfsmatsskýrsla/greinargerð um innra mat er skýrt fram sett. Áætlanir um umbætur eru kynntar í skólaráði og brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Meta ætti kennslu og fagmennsku allra kennara og nýjungrar í kennsluháttum með reglubundnum hætti.
- Gera grein fyrir í sjálfsmatsskýrslu/greinargerð um innra mat að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Móta þarf ferli við ákvörðun á áherslum og forgagnsröðun í innra mati þannig að allir hagsmunaaðilar komi að verkefninu.
- Birta greinargerð um innra mat/sjálfsmatsskýrslu opinberlega.
- Kynna fyrir hagsmunaaðilum og birta opinberlega niðurstöður kannana, t.d. Skólapúlsins.
- Birta umbótaáætlanir á heimasíðu og kynna þær öllum hagsmunaaðilum.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.

Styrkleikar í nám nemenda með sérþarfir - fjölmenning

Dalvíkurbyggð hefur mótað sér fjölmenningarstefnu sem gildir í öllum skólum sveitarfélagsins og þar með Dalvíkurskóla. Til er móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna og þess er gætt að foreldrar þeirra fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið. Upplýsingar um skólann eru á erlendum málum á heimasíðu og túlkapjónusta er í boði hvenær sem þörf er á. Reynt er með markvissum hætti að nýta fjölmenninguna til eflingar skólastarfinu í heild.

Tækifæri til umbóta

- Leita allra leiða til að aðstoða nemendur af erlendum uppruna til að viðhalda tungumáli sínu.
- Birta móttökuáætlun á heimasíðu skólans.
- Huga að því að þróa enn frekar aðferðir til að skapa félagsleg tengsl milli íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna.

Frekari greining fyrir Dalvíkurskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum.

Litinnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rauðt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnaðast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.


Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnu-mótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsað-stæður	Þáttt. og ábyrgð nem-enda	Námsað-lögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs-áætlun og skólanám-skrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og sam-ofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsum-hverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt sam-starf	Verklags-reglur og áætlunar		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólapróun			Námshættir og náms-vitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþáttu

Greining kennslustunda

Kennslustundamat

Mynd 4 Yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda sem metnar voru.




Notkun upplýsingataækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingataækni í þremur kennslustundum af 20 sem matsmenn heimsóttu. Kennrarar nýttu upplýsingataækni til kennslu í þremur af þessum stundum.

Kennsluathafnir


Mynd 5 Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.



Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvorutveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirlærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakini hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun. Sjá nánar í skýringarkafla um kennsluhætti.

Samvinna og einstaklingsvinna


Mynd 6 Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara

Mynd 7 Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki tekna með.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund		
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):		
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda		
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N		
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennrarar UT við kennslu: J/N		
Matsþáttur:	Vísbendingar:			
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.			
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.			
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.			
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hafi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og sampætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.			
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.			
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?			
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.				
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta - Óviðunandi				

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmynnar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
- Lítill þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðandi


Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spryja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótað af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðréttu heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikenna, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvíkmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgáttur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsefni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útkennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Dalvíkurbyggð. Heimasíðar. Slóðin er: <http://www.dalvikurbyggd.is>

Dalvíkurskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.dalvikurskoli.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sialfsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendavernd-arráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatílkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

